## Sveitarstjóri Dalabyggð

| | |
|---|---|
| **From:** | Eyjólfur Ingvi Bjarnason |
| **Sent:** | fimmtudagur, 21. janúar 2021 14:56 |
| **To:** | musatangi61@gmail.com |
| **Cc:** | Sveitarstjóri Dalabyggð |
| **Subject:** | FW: Bátabraut við Hnúksnes |
| **Categories:** | Vistað í OneCRM; 2101037 |
| **One:** | -1 |

Sæll Gísli

Áframsendi erindið til Kristjáns sveitarstjóra þannig að það erindið fái rétta málsmeðferð af hálfu Dalabyggðar.

Kv.
Eyjólfur

**From:** Gísli Eggertsson <musatangi61@gmail.com>
**Sent:** fimmtudagur, 21. janúar 2021 14:43
**To:** Eyjólfur Ingvi Bjarnason <oddviti@dalir.is>
**Subject:** Bátabraut við Hnúksnes

Sæll Eyjólfur,

ég er einn eiganda Fremri Langeyjar og hef frá barnæsku dvalið þar sumarlangt. Þjóðvegur minn og minna út í eyju er um dalina, Fellsströnd, veginn niður í Hnúksnes og þaðan sjórinn. Við höfum haft báta í Hnúksnesi og hafa þeir verið settir á flot í bátbraut sem er á vegum sveitarinnar. Þessi braut hefur eðlilega sætt ágangi sjávar og því þurft lagfæringu í gegnum tíðina. Nú er svo komið að brautin er illa farin, nánast horfin og hefur skapast hætta við niðursetningu báta.

Leita ég eftir að bátabrautin verði lagfærð. Ef sveitarfélagið hefur ekki tök á því er ég til í að lagfæra hana ef ég fæ til þess leyfi. Mér er í mun að geta sótt heim án óþarfa hættu.

Vona ég að vel verði tekið í erindi mitt.

Virðingarfyllst
Gísli Karel Eggertsson
0205615569
S: 8201420